

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 202 19. nóvember 1959, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagssins Framma, Reykjavík, þannig, að ein bifreið komi á hverja 150 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkv. 1. mgr. telst Reykjavík, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneshreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 150 íbúa, skal ekki veita ný leyfi vegna fjölgunar íbúa, nema eitt fyrir hverja 1500 íbúa, en veita skal nýtt atvinnuleyfi í stað hvers atvinnuleyfis, sem losnar.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 150 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. október ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. marz 1962.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfr Ingólfsson.

Nr. 28.

28. marz.

GJALDSKRÁ

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir, nema á veitusvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 4.40 hverja kwst.

12. Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 12.40 á m² á ári.

Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 5.50 á m² á ári.

B. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21. Um kwst.mæli þannig reiknað:

a. Grunngjald (mælisleiga o. fl.):

af einfasa mælingu	kr. 11.00 á mán.
af þrífasa mælingu	— 22.00 á mán.

b. Orkugjald

af allri notkun	— 1.10 á kwst.
-----------------------	----------------

c. Fastagjald

af hálfri gjaldskráreiningu	— 6.00 á mán.
af hverri heilli gjaldskráreiningu	— 11.00 á mán.

Gjaldskráreining reiknast sem hér segir:

(1) Fyrir fjölskylduheimili

ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.

Til íbúðarbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samanlagt flatarmál þeirra þannig, að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

(2) Fyrir félagsheimili (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.)

ein eining fyrir hverja 20 m² gólfplat.

Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um, og göngum þeim tilheyrandi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning gjaldskráreininga af slíkum húsum og tækjum í þeim.

22. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 1.10 hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 11 eða 12. Heimilt er einnig að selja slíkum notendum eftir lið 32.

23. Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl, og sýnir annars vegar orkunotkun yfir aflstillingu og hins vegar heildarorkunotkun. Aflstilling skal vera 500 wött, að viðbættum 300 wöttum fyrir hverja gjaldskráreiningu, sem ákveðst samkvæmt gjaldskrárlið 21. Notendur, sem stunda búrekstur, eiga þó vól á stærri aflstillingu, þó ekki hærri en tvöfaldri og hæst 10 kw. Þegar aðstæður leyfa, getur rafmagnsstjóri veitt hærri aflstillingu en að ofan greinir, þó eigi hærri en 10 kw. Aflstilling skal gilda til eins árs í senn. Heimila má þó hækkun aflstillingar við ársfjórðungsmót, ef skrifleg umsókn hefur borizt með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

a. Aflgjald:

af lágmarksstillingu	kr. 1680 á kw. á ári
af stillingu þar fram yfir, allt að tvöfaldri lágmarksstill.	— 1150 á kw. á ári
af stillingu umfram tvöfalda lágmarksstillingu	kr. 1415 á kw. á ári

b. Orkugjald:

af allri notkun	— 0.18 á kwst.
af notkun yfir aflstillingu auk þess	— 2.00 á kwst.

Leiga á einum mæli er innifalin í aflgjaldinu.

24. Ef um er að ræða meira afl en 10 kw. til búreksturs, má selja um afl- og orku-
mæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

a. Aflgjald:

af notuðu afli kr. 1415 á kw. á ári

b. Orkugjald:

af allri notkun — 0.18 á kwst.

Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra álestra, sem fara fram með sem næst þriggja mánaða millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst. Lágmarksgjald skal vera kr. 1320 á ári og ekki lægra en sem svarar kr. 523 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

32. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

a. Aflgjald:

af notuðu afli kr. 1265 á kw. á ári

b. Orkugjald:

af allri notkun — 0.34 á kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 2640 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja alla raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalda af ljósanotkun o. fl. samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Um kwst.mæli á 34 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 990 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

Minnsta aflgjald skal vera kr. 2640 á ári.

34. Raforku til súgurrkunar og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. má selja gegn fastagjaldi, óháðu notkunartíma, sem nemi kr. 371 á ári, fyrir hvert kw. í málraun véla, og auk þess 34 aura á hverja kwst. Kaupandi skuldbindi sig þá til að nota ekki vélarnar utan tímabilsins 1. júní til 1. nóv., nema með leyfi rafmagnsveitustjóra og gegn greiðslu fulls fastagjalds samkvæmt lið 33 kr. 990 á hvert kw. í málraun véla. Kaupandi skuldbindi sig enn fremur til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spennu og annarra aðstæðna, samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju tilfelli.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fassviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, geta rafmagnsveiturnar krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, greiði kaupandi herra verð fyrir raforkuna og fari sú hækkan eftir sérstökum ákvæðum þar um.

Rafmagnsveitustjóri getur bannað uppsetningu rafsúðuspenna nema skriflegt leyfi komi til. Hann getur takmarkað notkun rafsúðuspenna við tiltekna tíma sólarhrings. Þá getur hann krafizt þess, að fassviksstuðull rafsúðuspenna sé leiðréttur þannig, að hann verði ekki lægri en 0.8 og auk þess setur hann reglur um aukafastagjöld af rafsúðuspennum.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwstmæli á 60 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 1 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna.

42. Til húshitunar um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Til húshitunar um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.
44. Til hitunar í vatnsgeymum og gufuköttlum um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Lágmarksgjald skal vera kr. 1200 á ári.
45. Til hitunar á vatnsgeymum og gufuköttlum um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Lágmarksgjald skal vera kr. 1200 á ári.
46. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um tvígjaldsmæli á 25 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til kl. 10 og 75 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 8 til kl. 24, enda sé straumurinn rofinn í 4 klst. á mestu álagstímum rafmagnsveitnanna, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
- a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1600 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.
- b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 1550 króna verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 2.4 aura hver kwst. á liðunum 41, 44 og síðari hluta 46 og 1 eyri hver kwst. á liðunum 42, 45 og fyrri hluta 46 og 0.7 eyri hver kwst. á lið 43, fyrir hverjar fullar 75 krónur, sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitnanna, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafmagnsveiturnar setja um einangrun.

E. Önnur raforkunotun.

51. Til að nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.20 hverja kwst.
52. Þar sem ástæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á kr. 1.43 hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda.

Heimilt er að lækka orkugjaldið niður í 55 aura á kwst. gegn greiðslu fastagjalds samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 60 A og minni	kr. 6.00 á mán.
2. — þrífasa kwst.mælum 50 A og minni	— 13.00 — —
3. — þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A	— 18.00 — —
4. — þrífasa kwst.mælum yfir 100 A (straumspennamælar) ..	— 44.00 — —
5. — mestaafismælum 100 A og minni	— 38.00 — —
6. — mestaafismælum yfir 100 A (straumspennamælar)	— 71.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkyningu og enduropnun, allt að kr. 180 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 90 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi 1. apríl 1962, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins nr. 28 10. febr. 1961.

Atvinnuáráðuneytið, 28. marz 1962.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.